

Alþingi
Erindi nr. P 139/1996
komudagur 8.4.2011



hjúkrunarráð FSA

7. apríl, 2011

Til Heilbrigðisnefndar Alþingis
c/o Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn stjórnar hjúkrunarráðs FSA um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn þingskj. 967 – 575. mál. Lagt fram á 139. löggjafarþingi 2010 -2011.

Stjórn hjúkrunarráðs FSA hefur fjallað um ofangreint lagafrumvarp og gerir eftirfarandi athugasemdir. Við gerð umsagnar þessarar, höfum við fyrst og fremst haft að leiðarljósi hvernig frumvarpsdrögin snúa að hjúkrunarfræðingum og ljósmæðrum. Hjúkrunarráð FSA hefur tvisvar áður sent umsögn um þetta lagafrumvarp, þ.e. í janúar 2009 og aftur í desember 2009. Breytingar sem gerðar hafa verið á þessari útgáfu lagafrumvarpsins sem nú er til umsagnar eru litlar og flestar til góðs, en stjórn hjúkrunarráðs telur sig enn og aftur tilknúna að gera eftirfarandi athugasemdir.

1. Ef markmiðið er að ein lög nái yfir allar heilbrigðisstéttir eins og gert er ráð fyrir í þessu lagafrumvarpi, er óeðlilegt að tilgreina eina stétt fremur en aðrar, eins og gert er í annarri málsgrein, 13. gr.
2. Gera þarf skýran greinarmun á háskólamenntuðum fagstéttum og ábyrgðarsviði þeirra og framhaldsskólamenntuðum starfstéttum og starfssviði þeirra.
3. Skilgreina verður hvað felst í orðunum „lögverndað starfsvið“ í 10. gr.
4. Gr.11. Tímabundið starfsleyfi. Hjúkrunarráð andmælir því út frá öryggi sjúklinga að lögleitt verði að nemandi í læknisfræði frekar en aðrir nemendur, geti fengið tímabundið starfsleyfi áður en hann hefur lokið námi sínu.
Einnig í Gr.2. þar verði bætt skilgreiningunni: tímabundið starfsleyfi er veitt til að hámarki x mánaða, eða 1. árs.
5. Gr. 16. um aðstoðarmenn og nema. Hvergi er fjallað um skyldur heilbrigðisstarfsmanna til að mennta nemendur í klínísku námi og skýra þarf ákvæði um aðstoðarmenn.

Rökstuðningur með ofangreindum athugasemdum:

1. Í 13. gr. 2 málsgrein stendur: **Læknir ber ábyrgð á læknisfræðilegri meðferð og greiningu sjúklinga sem til hans leita eða hann hefur umsjón með. Aðrir heilbrigðisstarfsmenn bera, eftir því sem við á, ábyrgð á greiningu og meðferð sjúklinga sem til þeirra leita.**

Fyrri setningunni hefur verið bætt í þessa útgáfu lagafrumvarpsins og er það miður. Teljum við óeðlilegt að visað sé í eina stétt heilbrigðisstarfsmanna umfram aðrar. Gerum við því kröfu um að eftirfarandi tveimur málsgreinum verði einnig bætt í 13. gr.:

Hjúkrunarfræðingur ber ábyrgð á hjúkrun einstaklinga eða þeirra sem til hans leita og hann hefur umsjón með. Óheimilt er að ráða aðra en hjúkrunarfræðinga til sjálfstæðra hjúkrunarstarfa við sjúkrastofnanir, elliheimili, heilsuvernd eða hjúkrun í heimahúsum.

Ljósmaður bera ábyrgð á ljósmæðrafræðilegri meðferð þeirra kvenna sem til þeirra leita og þær hafa umsjón með. Ljósmaður sinna konum á meðgöngu, í fæðingu og sængurlegu. Óheimilt er að ráð aðra en ljósmaður til ljósmæðrastarfa

2. Í frumvarpinu er enginn greinarmunur gerður á fagstétt eða starfstétt. Þó segir í 3. gr í frumvarpinu : **Við ákvörðun um það hvort fella eigi starfstétt undir lögin skal einkum líta til þess hvort löggilding sé nauðsynleg með tilliti til öryggis og hagsmuna sjúklings, þarfar sjúklings fyrir þjónustu starfstéttar, innihalds og markmiðs menntunar og hvort hún byggist á traustum fræðilegum grunni.**
Í fyrirbyggjandi frumvarpi eru 33 stéttir sem hafa mjög misjafna menntun og eru sumar starfstéttir í eðli sínu en aðrar fagstéttir. Þessar stéttir munu í framtíðinni væntanlega verða eingöngu kallaðar „heilbrigðisstéttir“ og starfsfólkið heilbrigðisstarfsmenn. **Hér er farið út á vafasama braut að mati hjúkrunarráðs. Tryggja verður í lögum út frá öryggi sjúklinga, t.d. menntun, starfssvið og ábyrgðarsvið heilbrigðisstétta og hafa að leiðarljósi hvort um er að ræða starfstétt eða fagstétt, út frá lengd náms, skólastigi og að þær byggi á „traustum fræðilegum grunni“.**
3. Í fyrri umsögnum hjúkrunarráðs FSA hefur verið bent á að hvergi í frumvarpinu kemur fram skilgreining á hvað felst í “lögvernduðu starfssviði”. **Í greinargerð með gr. 10 kemur fram að litið sé til hagsmuna sjúklinga af því að heilbrigðisstarfsmaður hafi nauðsynlega faglega þekkingu og hæfni til viðkomandi starfa, fremur en hagsmuna heilbrigðisstéttar af því að útiloka aðrar heilbrigðisstéttir frá því að sinna tilteknum störfum.** Skilyrði þess að fagmaður geti borið ábyrgð og tryggt öryggi sjúklinga er að viðkomandi hafi löggilt starfsleyfi frá Velferðarráðuneytinu. **Það eitt tryggir að viðkomandi hafi „faglega þekkingu og hæfni til að sinna tilteknum störfum“.** Enn og aftur gerum við kröfu um að tryggt sé samanber nógildandi hjúkrunarlög og ljósmæðralög ásamt lögum annarra fagstétta, hvað fellur undir lögverndað starfssvið þeirra.
4. **11. Gr. tímabundið starfsleyfi.** Í núverandi útgáfu frumvarpsins er lagt til að nemandi í læknisfræði geti fengið tímabundið starfsleyfi eftir að þeir hafa lokið hluta náms (Reyndar vantar hér inn í frumvarpið). Hjúkrunarráð FSA andmælir enn og aftur út frá öryggi sjúklinga að lögleitt verði að nemandi geti fengið tímabundið starfsleyfi áður en hann hefur lokið námi sínu. Hvort sem um er að ræða læknanema eða aðra. Nemandi hefur ekki náð þeirri kunnáttu og færni sem þarf til að tryggja gæði starfa sinna fyrir en eftir útskrift úr námi og á það einnig við um læknanema. Það væri því ábyrgðarhluti að festa það í lög að veita megi tímabundið starfsleyfi til nemenda.
Einnig förum við fram á að kveðið verði á um tímamörk á “tímabundnu starfsleyfi” og hvort hægt verði að endurnýja það aftur með sömu rökum og þá hve lengi?
5. **Í Gr 16. aðstoðarmenn og nemandi.** Ein rökin með þessu nýja lagafrumvarpi er að ósamræmi sé um hvaða stéttir megi ráða sér aðstoðarmenn. Drögin gera enga tilraun til að skýra þessi ákvæði og einungis er ætlað að fella þetta inn í reglugerð. Kennsla nemenda í klínisku námi er mjög mikilvægur hluti af skyldum og ábyrgðarsviði hjúkrunarfræðinga og

ljósmæðra. Bæta verður inn í lög in þessu mikilvæga hlutverki hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra.

Stjórn hjúkrunarráðs vill að endingu leggja áherslu á að verði þessi lagadrög samþykkt sem lög, séu þau skýr og hafin yfir allan túlkunarlegan vafa og varast að framangreind atriði verði meira eða minna eingöngu sett í reglugerðir.

Virðingarfyllst,

Fyrir hönd stjórnar hjúkrunarráðs,



Sigríður Sía Jónsdóttir,
Formaður hjúkrunarráðs FSA

Afrit sent:
Hr. Halldóri Jónssyni
forstjóra,
Sjúkrahússins á Akureyri (FSA).